

## Iðnaðarnefnd

### Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Ingu Ósk Jónsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 7.460 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 980 m.kr. en þær nema 13,1% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 298,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um að gert er ráð fyrir 157 m.kr. tímabundnu framlagi til vísindapáttar djúpborunarverkefnis, 58,8 m.kr. tímabundnu framlagi vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Aðrar helstu breytingar varða m.a. hækkun á fjárveitingu til Samtaka iðnaðarins í samræmi við endurskoðun á tekjuáætlun iðnaðarmálagjalds. Þá falla niður tímabundin framlög til Orkustofnunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 683,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu til eflingar atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni og 90 m.kr. til Tækniþróunarsjóðs í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Loks er gert ráð fyrir fjárveitingu til uppbyggingar og eflingar íslenskri ferðaþjónustu og endurgreiðslna til kvikmyndagerðar á Íslandi.

Iðnaðarnefnd gerir sér grein fyrir því að það frumvarp til fjárlaga sem nú liggur fyrir mun taka breytingum í ljósi þess að þjóðarbúskapur Íslendinga stendur frammi fyrir mjög alvarlegri fjármálakreppu.

Á fundi nefndarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að styðja við uppbyggingu Tækniþróunarsjóðs svo tvöföldun hans náist sem allra fyrst. Nefndin vísar til þess að hann er undirstaða þróunar í hátækni iðnaði um land allt. Þá telur nefndin nauðsynlegt að styðja við sprotafyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókn- eða þróunarverkefnum og byggjast á sérhæfðri þekkingu og tækni.

Nefndin telur mjög mikilvægt að efla ferðaþjónustuna og eðlilegt að horft verði til hennar á næstunni þar sem hún er gríðarlega mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og er ein besta og hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka gjaldeyristekjur landsins.

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að Byggðastofnun fái úthlutað 528 m.kr. Nefndin leggur áherslu á að Byggðastofnun hefur gegnt mikilvægu hlutverki í byggðastefnu stjórnvalda og mikilvægt er að því hlutverki verði sinnt áfram til að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi.

Í tengslum við umsóknir Markaðsstofu Austurlands, Markaðsstofu Vestfjarða og Ferðamálasamtök Suðurlands, tekur nefndin fram að hún styður hugmynd og viðleitni þessara aðila um að sameinast og stofna regnhlífasamtök. Í ljósi þess að samtökin hafa ekki litið dagsins ljós telur nefndin ekki rétt að úthluta til þeirra sem ein heild.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að efla þau úrræði sem iðnaðarráðuneytið býr yfir til stuðnings atvinnulífinu.

Kristján Þór Júlíusson og Björk Guðjónsdóttir skrifa undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Álfheiður Ingadóttir og Eygló Harðardóttir skrifa undir álitid með fyrirvara.

Herdís Þórðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 2008.

Katrín Júlísdóttir, form.,  
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara,  
Einar Már Sigurðarson,  
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara,  
Rósa Guðbjartsdóttir,  
Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara,  
Grétar Mar Jónsson,  
Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara,